

Námsgrein: Íslenska

6. bekkur

Kennari: Egill Páll og Kiddý Hörn

Tímafjöldi á viku: 3 klukkustundir og 15 mínútur í yndislestur á hverjum degi. Að auki fellur íslenska undir samþættingarverkefni *Bland í Borgó*.

Námsefni: Málrækt, Annar Smellur, Orðspor 2 og annað efni fundið til eða útbúið af kennara.

Skipulag: Áhersla er á lestur, lesskilning og málfræði í íslenskutímum. Bókmenntir, ritun, talað mál, hlustun og áhorf er að mestu leiti tekið fyrir í samþættingu.

Kennsluáferðir: Innlagnir, samvinna nemenda, einstaklingsvinna, námsleikir o.fl.

Námsmat: Símat í kennslustundum. Ýmis fjölbreytt verkefni unnin af nemendum einstaklingslega eða í samvinnu við aðra. Mat hæfniviðmiða birt á Mentor.

Grunnþættir menntunar:

Grunnþáttur	Áhersla er lögð á:
Læsi	Nemendur ná sem bestri færni í lestri og ritun.
Sjálfbærni	Nemendur takist á við ýmis álitamál og ágreiningsmál í lesnum textum.
Heilbrigði og velferð	Jákvætt andrúmsloft skapað til íslenskunnar þannig að öllum líði vel við vinnuna.
Lýðræði og mannréttindi	Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir auk þess sem tekið er tillit til áhuga nemenda. Nemendur eru þá hvattir til gagnrýnnar hugsunar við lestur og verkefnavinnu.
Jafnrétti	Nemendur fá verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti.
Sköpun	Að virkja nemendur til að gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en þeir hafa áður gert og miðla til annarra. Umræður um ólíka texta verði til þess að nemendur myndi sér sjálfstæðar skoðanir. Ritunarverkefni og hópaverkefni verði markvisst notuð með sköpunarferli í huga, s.s. þemaverkefni

*Kennsluáætlunin og námsmatsform er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni*	Námsefni	Markmið:	Mat*
Málfræði: - Nafnorð - Sagnorð - Lýsingarorð	Málrækt 2 Ítarefni fundið af kennara.	Nemandi geti: - áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra. - notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta. - beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins. - gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.	Fjölbreytt námsmatsverkefni: - Lesfimiþróf - Orðrún - Málfræðikannanir - Samvinnuverkefni - Einstaklingsverkefni - Skapandi verkefni - Munnleg verkefni - Skrifleg verkefni. - Sjálfsmat.
Yndislestur	Nestislestrarbók Yndislestrarbók nemenda.	Nemandi geti: - hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. - lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. - lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann. - Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. -	
Lesskilningur	Annar Smellur Orðspor 2 Ítarefni fundið til af kennara.	Nemandi geti: - lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. - notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta. - greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. - aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.	